



AKUREYRARBÆR
Skrifstofa Ráðhúss

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 11. júní 2015
2015060046 01-106-05

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda, þingskjal 1020 – 588. mál.

Á fundi atvinnumálanefndar Akureyrar 10. júní sl. var eftirfarandi bókað:

„Atvinnumálanefnd Akureyrar telur æskilegt að skoða úrræði til að auka byggðafestu í brothættum byggðum heildstætt og efla þau úrræði sem Byggðastofnun hefur enn frekar. Atvinnumálanefnd áréttar mikla sérstöðu eyjasamfélaganna í Hrísey og Grímsey sem þrátt fyrir að vera hluti af stærra sveitarfélagi, falla undir skilgreiningu um brothættar byggðir.

Virðingarfyllst,

f.h. Akureyrarbæjar

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir
verkefnastjóri atvinnumála



Sauðárkróki, 9. maí 2015

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggingastofnunar um tillögu til þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda, mál 588.

Byggingastofnun telur æskilegt að skoða úrræði til að auka byggðafestu í brothættum byggðum heildstætt en mikil vinna hefur farið fram hjá stofnuninni á þessu sviði. Sama á við um aflamark Byggingastofnunar en vinna við skiptingu þess milli staða fer fram hjá stofnuninni.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur nýverið fengið óháða aðila til að gera úttektir, annars vegar á verkefninu um brothættar byggðir og hins vegar um aflamark Byggingastofnunar. Niðurstöður úttektanna er að vel hafi tekist til með framkvæmd þessara verka. Verkefni um brothættar byggðir og úthlutun aflamarks Byggingastofnunar eru unnin samkvæmt tillögum í gildandi byggðaáætlun og verður því að telja að þau séu í föstum farvegi. Reynsla Byggingastofnunar af því að beita þessum verkfærum er að vel komi til greina að efla þau enn frekar.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði
Byggingastofnunar.*

Alþingi,
Nefndasvið,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 9. júní 2015
2015060002

Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda, 588. mál

Þingsályktunartillagan var send Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 3. júní 2015.

Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efnið þingsályktunartillögunnar. Samtökin styðja tillöguna og leggja til að hún verði samþykkt. Í henni er aðallega fjallað um veiðiheimildir í sjávarútvegi þegar kemur að mögulegum aðgerðum en stefnumótunarvinna um brothættar byggðir hefur verulega snertifleti við landbúnaðinn, einkum sauðfjárrækt. Sú grein er undirstaða byggðar í mörgum dreifbýlli samfélögum og hefur mikla þýðingu þegar mótuð er stefna um framtíð þeirra.

Bændasamtökin vilja þó leggja áherslu á að stefnumótun sem þessi sé samræmd annari stefnumótun stjórnvalda á sama sviði þ.e. byggðaáætlun, sóknaráætlunum landshluta og öðrum þeim áherslum stjórnvalda sem taka til þeirra verkefna sem tillagan fjallar um. Þá leggja Bændasamtökin áherslu á að hugað verði að fjármögnun þeirra verkefna sem lagt er til að ráðist verði í.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands,
Elías Blöndal Guðjónsson

10.6.2015

Á fundi byggðarráðs Dalabyggðar 9. júní sl. var eftirfarandi bókað:

„Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda, 588. mál. Þess er óskað að umsögn berist eigi síðar en 11. júní nk.

Í tillögunni segir m.a: "Alþingi ályktar að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að vinna framtíðarstefnumörkun um eflingu brothættra byggða í samráði við Byggðastofnun og helstu hagsmunaaðila."

Byggðarráð mælir með samþykkt tillögunnar.“

Með kveðju,
Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar

Akureyri 12. júní 2015


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá Atvinnuveganefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda, 588. mál.

Stjórn Eyþings telur nauðsynlegt að unnið verði að framtíðarstefnumörkun um eflingu brothættra byggða í samráði við **ibúa**, Byggðastofnun og helstu hagsmunaaðila.

Talsverð reynsla er nú þegar af eflingu brothættra byggð sem hægt er að byggja á. Nauðsynlegt er að líta til aðstæðna í hverri byggð fyrir sig. Ljóst er að sömu úrræði eiga ekki við alls staðar. Sama hvaða stuðningsúrræðum verður beitt á hverjum stað er nauðsynlegt að horfa til langs tíma til að úrræðin beri tilætlaðan árangur líkt og ætlunin er með byggðafestu veiðiheimilda.

F.h. stjórnar Eyþings



Petur Þór Jónasson
framkvæmdastjóri

Alþingi 10.6.2015

Málsnr.: 1503 012

Málalykill: 034.4



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 10. júní 2015
1506007

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda
Þingskjal 1020 – 588. mál

Við er í erindi frá nefndasviði Alþingis, sem barst með tölvupósti þann 3. júní sl. en þar er óskað eftir umsögn Ferðamálastofu um framangreinda tillögu til þingsályktunar.

Ferðamálastofa telur jákvætt að skoðað verði til hvaða stuðningsúrræða hægt sé að grípa til að skapa aukna byggðafestu í brothættum byggðum þar sem landbúnaður, matvælaíðnaður, ferðaþjónusta eða önnur atvinnustarfsemi hefur skapað, eða er líklegust til að skapa, stöðugleika og vaxtarmöguleika og hvernig heppilegast væri að koma slíkum stuðningi við þannig að hann beri tilætlaðan árangur.

Ferðamálastofa telur einnig jákvætt að gerð verði sérstök aðgerðaráætlun sem samþætt verði áherslum hins opinbera í byggðamálum. Ferðamálastofa sér ekki ástæðu til sérstakrar umsagnar um tillöguna en vísar til umsagnar sinnar um frumvarp til laga um byggðaáætlun og sóknaráætlanir.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu


Helena Þ. Karlsdóttir, lögfræðingur



Alþingi
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
(sent á rafrænu formi á nefndasvid@althingi.is)

Ísafirði 18. júní 2015

144. löggjafarþing, mál 588 þingsályktun um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) tók ofangreint mál til umfjöllunar á fundi sínum þann 8. júní s.l.. Stjórn FV vill af þessu tilefni vekja athygli atvinnuveganefndar Alþingis á ályktunum 59. Fjórðungsþings Vestfirðinga sem innlegg í umræðu um þessa þingsályktun.

Línuívilnun 59. Fjórðungsþing Vestfjarða haldið á Þingeyri 3.-4. október 2014 krefst þess að þær skerðingar sem áttu sér stað á aflamarki til línuívilnunar í ýsu og steinbít verði afturkallaðar strax og línuívilnun í þessum tegundum verði færð úr 20% í 30%.

Greinargerð: Þeir erfiðleikar sem smábátasjómenn á Vestfjörðum standa nú frammi fyrir þar sem flestir firðir og flóar eru með mikið af ýsu en þorskur liggur mjög djúpt á veiðislóð smábáta gerir veiðar smábáta mjög erfiðar. 20% skerðing á aflamarki í ýsu á nýbyrjuðu fiskveiðiári gerir alla sjósókn smábáta mjög erfiða. Að ætla að skerða línuívilnun ofan í skerðingu á aflamarki í ýsu er því galið. Skerðingu á aflamarki mætti lina mikið með hækkun á línuívilnun í ýsu og steinbít. Skerðing þessi leiðir einnig til fækkunar starfa við beitingu í landi.

Strandveiðar 59. Fjórðungsþing Vestfjarða haldið á Þingeyri 3.-4. október 2014 fer fram á að misskipting varðandi fjölda veiðidaga á strandveiðum verði tafarlaust lagfærð. Greinargerð: Eins og staðan er í dag þá geta strandveiðibátar sem róa á svæði A sem nær frá miðjum Faxaflóa til og með Súðavíkurreppi aðeins róið 4 til 6 daga meðan önnur strandveiðisvæði eru með veiðidaga upp í 12 til 16 veiðidaga sömu mánuði.

Veiðigjald 59. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Þingeyri 3. og 4. október 2014 krefst þess að veiðileyfagjald smábáta á makrílveiðum verði stórlega lækkað þar sem það stuðlar klárlega ekki að arðsemi sem þarf til að hægt sé að stunda makrílveiðar smábáta.

Greinargerð: Ljóst má vera að það veiðileyfagjald sem smábátum er gert að greiða af makrílveiðum er ekki til þess fallið að efla makrílveiðar smábáta miðað við þann mikla startkostnað sem þarf til að veiðarnar geti staðið undir sér. Sú ákvörðun sjávarútvegsráðherra að stöðva veiðarnar fyrirvaralaust gerði dæmið enn verra en ella hefði orðið ef veiðarnar hefðu mátt standa til dæmis út september.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Nefndarsvið Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Ísafjörður, 22. júní 2015
2015020078

Efni: 588. mál – umsögn bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar

Hér með tilkynnist yður eftirfarandi umsögn frá 363. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um tillögu til þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda:

2015020078 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2015

Beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda, 588. mál.

Tillaga að umsögn um þingmál 588. tillögu til þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar lýsir áncægju með tillögu til þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda. Ísafjarðarbær hefur lengi glímt við óstöðugt ástand í sjávarútvegi. Íbúar byggðalaga búa við mikið óöryggi um sína nánustu framtíð, hvort vinnslan starfar eða lokar, um úthlutun byggðakvóta og framboð á leigukvóta, svo dæmi séu tekin. Slíkt óöryggi um framtíðina, sem fyrirtæki í sjávarútvegi telja ekki bjóðandi lögaðilum, er sannarlega ekki bjóðandi fólki sem þráir ekkert heitar en vinna þjóðfélagi sínu gagn á heimaslóðum.

Byggðafesta veiðiheimilda ætti að treysta afkomuöryggi íbúa í byggðalögum á Vestfjörðum og verða þannig framþróun á sértæka byggðakvótanum. Einnig væri með þessu tekið skref í áttina til þess að færa rótgrónum sjávarþorpum aftur réttinn til fiskiaudlindarinnar að nokkru leyti.

Brothættar byggðir á Vestfjörðum er lýsing á því að fjöreggið er eitt og því kastað manna á milli frá ári til árs. Skipulega þarf að vinna að því að skjóta fleiri stöðum undir þessar byggðir með markvissri en skynsamlegri uppbyggingu í tengslum við fiskeldi og ferðamennsku, á sjálfbæran hátt þannig að verði landi og þjóð til sóma.

Til máls tóku Nanný Arna Guðmundsdóttir, forseti og Gunnhildur Björk Elíasdóttir, Forseti ber tillöguna upp til atkvæða.
Tillagan samþykkt 9-0.

Virðingarfyllt,

Þórdís Sif Sigurðardóttir
bæjarritari

10. júní 2015

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda.

Samkvæmt upplýsingum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands eru verkefnin um brothættar byggir og úthlutun aflamarks Byggðastofnunar unnin samkvæmt tillögum í gildandi byggðaáætlun og því í föstum farvegi.

Nýsköðunarmiðstöð er mikilvægur hlekkur í samstarfi um byggðaþróun á Íslandi og hvetur til öflugs og virks samstarfs þeirra aðila stoðkerfis atvinnulífsins sem þar koma að málum.

f.h. Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands
Berglind Hallgrímsdóttir



Kirkjubæjarklaustur 11. júní 2015

Umsögn f.h. Skaftárhrepps

588. mál tillaga til þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda

Skaftárhreppur hefur verið þátttakandi í verkefninu Brothættar byggðir frá árinu 2013. Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur mikilvægt að stefnumörkun verði stefnumörkun fyrir málaflokkinn og að lögð verði áhersla á styrkingu innviða s.s. fjarskipti, rafmagn og samgöngur. Einnig þarf að tryggja verkefninu nægjanlegt fjármagn til sértækra verkefna á sviði uppbyggingar innviða sér í lagi á þeim stöðum þar sem byggðafesta veiðiheimilda á ekki við.

Virðingarfyllt

Sandra Brá Jóhannsdóttir

Sveitarstjóri Skaftárhrepps